



FORELDRAHANDBÓK

KÆRU FORELDRAR OG FORRÁÐAMENN

Við bjóðum ykkur velkomin í Vallarsel og við hlökkum til að starfa með ykkur að velferð og vellíðan barnsins ykkar. Í upphafi leikskólagöngunnar eru ýmis atriði sem tengjast starfsemi leikskólans sem nauðsynlegt er fyrir foreldra/forráðamenn að vita.

UM VALLARSEL

Leikskólinn Vallarsel var opnaður árið 1979 og er því elsti leikskólinn á Akranesi. Í leikskólanum eru sex deildir sem heita; Jaðar, Skarð og Vellir þar sem yngri börnin eru og Lundur, Stekkur og Hnúkur þar sem eldri börnin eru. Á leikskólanum geta verið 124 börn í einu.

STARFSGRUNDVÖLLUR

Leikskólastarfið byggist á lögum um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla sem er lögfest námskrá allra leikskóla og Skólanámskrá Vallarsels. Leikskóli er uppeldis- og menntastofnun þar sem börn þroskast og læra í gegnum leik.

MEGINMARKMIÐ MEÐ UPPELDI Í LEIKSKÓLA ER SAMKVÆMT LÖGUM:

- Að búa börnunum örugg leikskilyrði og hollt uppeldisumhverfi
- Að gefa börnum kost á að taka þátt í leik og starfi og njóta fjölbreyttra uppeldiskosta barnahópsins undir leiðsögn leikskólakennara
- Að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo að þau fái notið bernsku sinnar
- Að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra í hvívetna
- Að efla kristilegt siðgæði barna og leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífældri þróun
- Að rækta tjáningar og sköpunarmátt barna í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt.

MARKMIÐ OKKAR Í VALLARSELI

Að efla sjálfstraust og sjálfstæði barna í öllum daglegum athöfnum. Okkar metnaður er að hjálpa þeim að hjálpa sér sjálf sem gerir þau að sterkari einstaklingum.

ADALÁHERSLUATRÍÐI Í STARFINU OKKAR ERU TÓNLIST OG FRJÁLSI LEIKURINN

TÓNLIST

Unnið hefur verið markvisst með tónlist Vallarseli frá árinu 1998. Í Vallarseli er tónlistarstjóri á hverri deild sem leiðir tónlistarstarfið. Öll börn fara einu sinni í viku í tónlistartíma inn í sal og tónlistarverkefni eru unnin alla vikuna á milli tónlistartíma inni á deildum. Leitast er við að hafa tímana fjölbreytta, skemmtilega og fræðandi. Tónlistin er fyrst og fremst gleðigjafi og skemmtileg leið til þroskast.

Tengill á tónlist í Vallarseli [Tónlistarnámskrá Vallarsels](#)

FRJÁLSI LEIKURINN

Í Vallarseli er lögð mikil áhersla á frjálsa leikinn og börnum er gefinn rúmur tími til þess að þróa hann. Aðalnámskrá leikskóla (2011) gerir mikið úr mikilvægi leik barna en þar segir: “Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna getur notið sín. Hamingja og gleði liggja í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild”

ÚTIVERA

Útivera er mikilvægur þáttur í uppeldisstarfi leikskólans, þar sem grófhreyfingum og frjálsum leik er gert hátt undir höfði. Útivera er holl öllum börnum. Íslenskt veðurfar getur verið umhleypingasamt og rysjótt en við því er ekkert að gera. Þess vegna er íslenskum börnum frá blautu barnsbeini hollt að venjast veðráttu landsins. Sumir foreldrar hafa tilhneigingu til að óska eftir inniveru fyrir börn sín í því skyni að verja þau gegn veikindum. Það er ekkert sem bendir til þess að börn sýkist frekar í útilofti en innandyra. Mikilvægt er að börnin séu klædd í samræmi við veður og einnig að þau hafi næg aukaföt. Yfir sumartímamann með hlýnandi veðri og hækkandi sól lengist útiveran.

ÚTBÚNAÐUR

Klæðnaður barnanna þarf að vera í samræmi við veðurfar og hafa ber í huga að veður getur breyst snögglega. Merkja skal föt barnanna á greinilegan hátt, sérstaklega útiföt, þá eru minni líkur á að fötin glatist. Mikilvægt er að fötin séu þægileg og hefti ekki hreyfingar barnanna. Nauðsynlegt er að hafa aukafatnað meðferðis í leikskólann. Aukafötin eru geymd í kössum sem eru fyrir ofan hólfi barnanna. Gott er að hafa í kassanum föt sem ykkur er ekki annt um því ef þau geymast lengi vaxa börnin upp úr þeim. Ganga frá öllum fötum barnsins í lok hvers dags og taka blaut og óhrein föt

með heim. Útiföt barnanna eru ekki þurrkuð nema þurfi að nota þau aftur eftir hádegi. Fatahólfín skulu tæmd á föstudögum. Við leggjum mikla áherslu á útiveru og förum út á hverjum degi. Foreldrar eru vinsamlega beðnir að fylgjast vel með og fylla á kassann eftir þörfum. Foreldrar eiga að koma með þann klæðnað sem barnið þarfnast í leikskólanum, leikskólinn er ekki með aukaföt á börnin. Það er gott að yfirfara fötin og halda þeim í lagi t.d. á teygjum, smellum og rennilásnum. Fjarlægja þarf allar reimar úr fatnaði barnanna vegna slyshættu. Leikskólinn er vinnustaður barnanna. Þess vegna er mikilvægt að þau séu í „vinnufötum”, þ.e.a.s. fötum sem þola vinnu með lím, liti, málningu eða útivinnu.

DVALARGJALD

Dvalargjaldið greiðist fyrirfram. Breytingar á gjaldskrá eru ákveðnar af rekstraraðila og er hún endurskoðuð amk. einu sinni á ári. [Gjaldskrá leikskóla](#)

GRUNNTÍMI

Þá er keyptur ákveðinn tími og er mjög áriðandi að foreldrar virði þann tíma. Hefð er fyrir því að starfsfólk skrái komu– og farartíma barnanna og er það gert í í gengum skráningarkerfið Völu sem foreldrar hafa aðgang að. Dvalartími barn skal ekki fara yfir 8,5 klukkustundir á dag nema með fenginni undanþágu leikskólastjóra.

BREYTINGAR Á VISTUNARTÍMA

Allar breyting vegna vistunartíma fram í Völu og þurfa að berast fyrir 20. hvers mánaðar. Það er 3 mánaðar binding á vistunartíma. Uppsagnarfrestur er mánuður og skal miðast við 20.hvers mánaðar.

OPNUN OG LOKUN

Hefðbundin opnunartími er frá 7:45-16:15.

Áfram verður hægt að kaupa auka vistu frá 6:45 og til 16:30 **ef 5 eða fleiri óska eftir því.**

Greitt er fyrir hvert auka korter, fyrir kl 8:00 og eftir kl 16:00, 3750 kr. á mánuði. Ekki er veittur afsláttur af því gjaldi.

AÐ SÆKJA BARN

Umboðsmaður barna hefur gefið út þau tilmæli að börn yngri en **12 ára** skuli **EKKI** sækja barn í leikskóla. Vallarsel hefur ákveðið að fara eftir þeim tilmælum.

AÐLÖGUN

Aðlögun byrjar með kynningarfundum fyrir foreldra í júní og svo hefst svo formleg í ágúst. Framganga aðlögunarinnar er undir handleiðslu deildarstjóra og fer ætíð eftir viðbrögðum barnsins og aðstæðum foreldranna. Þessi tími er líka mikilvægur til að foreldrar og starfsfólk kynnist betur og rætt saman.

VEIKINDI OG FJARVERA

Ef barn er veikt eða með smitsjúkdóm skal það að vera heima. Veikist barn í skólanum er látið vita og ætlast til að barnið sé sótt. Dagleg útivera er hluti af starfinu, en sjálfsagt er að stytta útiverutímamann eftir veikindi ef nauðsyn er á. Tveggja daga innivera eftir mjög mikil veikindi er sjálfsögð en þó ekki nauðsynleg. Innivera eftir magapest og önnur 1 til 2 sólarhringa veikindi er óþörf. Sé það mat foreldra að þörf sé á lengri inniveru er álitamál hvort barnið sé fært um að taka þátt í leikskólastarfinu. Ef börn þurfa að vera inni um lengri tíma skal koma með vottorð og ráðleggingar frá lækni þar um.

Vinsamlega tilkynnið forföll fyrir kl. **10.00 að morgni**.

Hægt er að skrá veikindi og aðrar fjarverur í gegnum Völuappið.

BARNAVERND

Leikskólinn Vallarsel vinnur náið með barnaverndaryfirvöldum og félagsþjónustunni þegar það á við. Það á aldrei að líta á barnaverndina sem “grýlu” heldur sem stuðning við börn og foreldra þegar þarf. Velferð barnanna er alltaf í forgangi.

SLYS

Slasist barn alvarlega í skólanum er undantekningarlaust hringt í foreldra til að fara með barnið á slysadeild. Þá eru foreldrar einnig látnir vita ef um minni háttar atvik er að ræða. Akraneskaupstaður hefur skv. lögum tryggingar er varðar skaðabótaskyldu. Komugjald á slysadeild greiðist af skólanum.

LYF

Að ráði heilsugæslulækna á Akranesi: “Lyfjagjafir á skólatíma eru í öllum tilfellum óþarfar. Ef gefa þarf lyf þrisvar á sólarhring skiptir ekki máli þótt rúmar 8 stundir líði á milli gjafa. Undantekningar gætu verið sykursýkis-, asthma- og ofnæmislyf eða önnur lyf samkvæmt fyrirmælum frá lækni”.

AFMÆLI OG BOÐSKORT

Hefð er fyrir því að foreldrar geti, í samráði við deidarstjóra, boðið uppá tilbreytingu á afmælum. Við hvetjum til að gæta hófs og biðjum sérstaklega að ekki sé boðið upp á gos og sælgæti. Ekki er leyfilegt að setja boðskort í hólfi einstakra barna en sjálfsagt ef öllum er boðið.

STARFSDAGAR

Eru 5 á hverju skólaári og er skólinn lokaður þá daga. **Stafsdagar skólaárið 2025-2026 eru :**

- 22. september og 19.nóvember 2025.
- 2. janúar, 19.febrúar, 7. Apríl 2026.

FORELDRAVIÐTÖL OG FUNDIR

Boðið er upp á viðtöl tvisvar á ári. Aðrir fundir eru boðaðir sérstaklega. Við minnum á að alltaf er hægt að biðja um viðtal við deildarstjóra og skólastjóra. Boðið upp á aðlögunarviðtal í október þar sem rædd er framvinda haustannar. Í febrúar/mars er boðið upp á viðtal þar sem farið er yfir þroskamat og líðan.

FORELDRARÁÐ OG FORELDRAFÉLAG

Skv. lögum er starfandi foreldraráð við leikskólann og eru þrír fulltrúar starfandi þar hverju sinni. Þá er einnig starfandi foreldrafélag sem er mikill stuðningur við skólann. Félagið sendir út greiðsluseðil að hausti, nú 4000.kr á heimili og er það notað í þágu barnanna. Virkt og öflugt foreldrafélag er mikill og ómetanlegur styrkur fyrir skólann.

SAMSTARF-BRÚUM BILIÐ.

Á síðasta ári í leikskólanum taka börnin þátt í öflugum Brúum bilið samstarfi við grunnskólana báða og aðra leikskóla á Akranesi. Þau fara í haustskóla og vorskóla í grunnskólunum 3 daga í röð ásamt því að sækja íþróttatíma í Íþróttahúsinu við Vesturgötu.

Markmið samstarfsins er:

- Að tengja skólastigin saman
- Að skapa samfellu í námi og kennslu barna/nemenda á þessum tveimur skólastigum
- Að byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á hvoru skólastigi
- Að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla
- Að skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga á milli skólastiga

HEFÐIR OG HÁTÍÐIR Í VALLARSELI (ekki tæmandi listi)

Í leikskólanum er haldið uppá hina ýmsu daga og hátíðir. Sem dæmi má nefna:

- Umferðardagar eru haldnir að hausti. Þá vinum við með umferðareglur og fleira því tengt.
- Haustskóli elstu barna september - október
- Alþjóðlegi bangsadagurinn er haldinn í október. Reglan hefur verið sú að börnin fái að taka með sér bangsa í leikskólann á þessum degi.
- 31. október Hrekkjavaka, náttfata- búningadagur
- 16. nóvember ár hvert höldum við hátíðlegan Dag íslenskrar tungu.
- Aðventustundir á sal. Við komum saman inn í sal, kveikjum á kerti og syngjum saman jólalög.

- Jólaskemmtanir og rauður dagur er haldin í desember. Þá syngjum við saman í salnum og göngum í kringum jólatréð okkar og borðum hátíðarmat. Gaman ef allir klæðast einhverri rauðri flík eða jólasveinahúfu.
- Þrettándandum er gert hátt undir höfði. Þá eru jólin kvödd.
- Bóndadagurinn er haldinn hátíðlegur. Þá mætum við í lopapeysum/sokkum, og höldum þorablót þar sem börnin fá að smakka þorramat
- Tannverndarvika er í mars og þá er unnið í þemavinnu um tannhirðu og stundum farið í heimsókn á tannlæknastofu
- Dagur leikskólans er haldinn hátíðlegur með andlitsmálningu og húllum hæ
- Á Bolludag fá börnin fiskibollur í hádeginu og rjómabollur í kaffitíma.
- Á Sprengidag er boðið upp á saltkjöt og baunir.
- Á Öskudag höldum við náttfata-/búningaball, þar sem við sláum köttinn úr tunnunni.
- Konudaginn höldum við hátíðlegan.
- Gulir dagar eru haldnir í vikunni fyrir páska og á föstudegi á Norðurálsmóti.
- Vorskóli elstu barna er í apríl- maí
- Árgangamót leikskóla Akraness haldið í lok apríl.
- Útskriftaferð elstu barnanna í maí.
- Útskrift í maí.

HEIMASÍÐUR-FACEBOOK

Skólinn er með heimasíðu og facebooksíður deilda en þær eru einungis upplýsingasíður,

Mjög virk viðburðardagatöl og upplýsingatöflur eru við allar deildir.

Allar deildir senda út fréttabréf í tölvupósti með fréttum af deildarstarfi.

SUMARLEYFI

Öll börn skulu taka 4 vikna samfelld sumarleyfi. Leikskólinn er lokaður í 4 vikur sumarið 2026 frá mánudeginum 6. júlí 2025 og við opnum aftur 4. ágúst 2026 kl 8:00. Það er í boði að taka 5 vikuna gjaldfrjálst ef hún er tekin fyrir eða eftir lokun leikskólans. Gjald fyrir júlímánuð er fellur niður.

Jafnframt er leikskólinn lokaður alla rauða daga í almanaksárinu.

DAGSKIPULAG

Mikil áhersla er lögð á vellíðan og gleði í öllu starfi. Dagskipulagið okkar miðast að því að hafa rúman tíma í flesta liði og þannig sköpum við ró og næði til að börnin geti klárað og þróað leikinn. Dagskipulagið er sett fram sem viðmið sem við vinnum út frá, er ekki fastmótað á neinum tíma og því skal taka tímasetningum með fyrirvara því þetta getur verið ólíkt milli deilda og aldurs.

Í leikskólastarfinu geta tímasetningar breyst vegna ólíkra verkefna, vegna þess að stundum eru börnin misjafnlega upplögð eða vegna annarra óviðráðanlegra aðstæðna. Barnið og þarfir þess er ávalt í brennidepli.

MÁLTÍÐIR

Í leikskólanum fá börnin morgunmat, sé þess óskað, hádegismat og nónhressingu. Við bjóðum upp á hollan og næringarríkan mat á borðum. Grænmeti og/eða ávextir eru alltaf í boði. Ef barn er með ofnæmi/óþol þá látið deildarstjóra vita af þeimfæðutegundum. Alltaf skal framvísa læknisvottorði frá barnaofnæmislækni og það skal svo endurnýjað á hverju hausti. Morgunverður er frá kl. 8:00 til 9:00, ef barn ætlar að borða morgunverð í leikskólanum þá þarf það að vera komið í leikskólann fyrir kl. 8:45. Í morgunmat er boðið ýmist upp á hafragraut eða cheerios sem skiptist á milli daga. Um kl. 10.00 alla morgna á börnin ávaxtabita og í nónhressingu er boðið upp á brauð, álegg og mjólk, ýmis nýbakað eða samlokubrauð.

SÉRKENNSLA

Við leikskólann er starfandi sérkennslustjóri, Siggerður Á. Sigurðardóttir. Hlutverk sérkennslustjóra er að leiðbeina kennurum og foreldrum og halda utan um þau börn sem þurfa sérstuðning. Sérkennslustjóri skipuleggur fundi ásamt kennurum, foreldrum og sérfræðingum. Einnig getur hann gert formlega athugun á þroska barnsins í skólanum með viðeigandi þroskaprófum eða matstækjum. Sú vinna fer fram með samþykki og í samvinnu við foreldra. Ef grunur vaknar um einhver þroskafrávik hjá barni ber kennurum barnsins að hlutast til um málið. Þetta á einnig við ef kennarar telja að félagslegar aðstæður barns hamli að einhverju leyti þroskamöguleikum þess.

SÉRFRÆÐIRÁÐGJÖF VIÐ LEIKSKÓLANN

Sérkennslustjóri í samvinnu við deildarstjóra og foreldra, getur óskað eftir ráðgjöf og greiningu frá talmeinafræðingi, iðjuþjálfra og sálfræðingi. Hafi foreldrar einhverjar áhyggjur af frávikum í þroska barnsins s.s. í máli, hreyfingu eða öðru eiga þeir kost á því að fá þessa þjónustu fyrir barn sitt í gegnum leikskólann. Því fyrr sem gripið er inn í því betur stendur barnið sig í áframhaldandi námi.

SAMBÆTT ÞJÓNUSTA Í ÞÁGU FARSÆLDAR BARNA

Öll börn frá 0-18 ára eiga að njóta sömu réttinda án tillits til aldurs, kynþáttar, kynferðis, trúar, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna. Meginmarkmið laganna er að búa til umgjörð sem stuðlar að því að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Þjónusta í þágu farsældar barna er veitt á þremur þjónustustigum:

1. Stig – er grunnþjónusta fyrir alla – snemmtækur stuðningur
2. Stig – er markviss stuðningsþjónusta byggð á faglegu mati eða frumgreiningu
3. Stig - er sérhæfðari stuðningsþjónusta í samræmi við ítarlega greiningu á þörfum

Akraneskaupstaður hefur hafið innleiðingu farsældarlaga og boðar breytt verklag í þjónustu við börn og fjölskyldur á Akranesi. Helstu breytingar sem ný lög boða:

1. Tengiliður í nærumhverfi barns.
2. Málstjóri í Velferðarþjónustu.
3. Stuðningsteymi og stuðningsáætlun.

Hlutverk tengiliðar er fyrst og fremst að veita upplýsingar, aðstoða foreldra og barn og styðja við samþættingu þjónustu á fyrsta stigi í samræmi við óskir foreldra og/eða barns. Tengiliður Vallarsels er Krístrún Matthíasdóttir aðstoðarleikskólastjóri.

INVEST IN PLAY- TENGJUMST Í LEIK- FORELDRAFÆNINÁMSKEIÐ

Markmið námskeiðsins er að efla foreldra í þeirra hlutverki, styðja við heilstæðan þroska barna og velferð fjölskyldna sem heild.

Námskeiðið er byggt upp á Sex Kubba líkani, sem er unnið í samvinnu við Lego foundation og er óhagnaðardrífín samvinna. Námskeiðið er þróað út frá gagnreyndu efni sem hefur verið rannsakað á alþjóðlegum vettvangi og sýnt fram á góðan árangur. Meðal þess sem rannsóknir hafa sýnt fram á er að streita foreldra sem hafa setið námskeiðið lækkar og náms-, félags- og tilfinngafærni barna eykst. <https://www.investinplay.com>

JÁKVÆÐUR AGI

Skólaárið 2025-2026 ætlum við að innleiða uppeldisstefnuna Jákvæður agi. Stefnan byggir á sjálfsstjórnarkenningum, sem fela í sér að horft er á orsakir hegðunar fremur en t.d. að reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu eins og lengi hefur tíðkast. Jákvæður agi gengur út á að móta umhverfi í skólum, heimilum og vinnustöðum sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemi og festu.

Jákvæður agi kennir félagsfærni og lífsleikni

- Meginreglur Jákvæðs aga hjálpa til við að byggja samband væntumþykju og virðingar og þær auðvelda að finna lausnir til frambúðar.
- Jákvæður agi byggir á kennslu, skilningi, hvatningu og samskiptum.

Börn verða ábyrgðarfull ef þau fá tækifæri til að þroska félagsfærni sína í gegnum lífsleikni í andrúmslofti virðingar, góðvildar og festu. Jákvæður agi byggir á því að börn þroski og efli með sér færni í að finna lausnir og setja sér mörk í samvinnu við fullorðna.

MÓTTAKA BARNNA MEÐ ANNAÐ MÓÐURMÁL EN ÍSLENSKU

Hafa ber í huga að leikskólabyrjun barns af erlendum uppruna getur verið mikið álag fyrir barnið og foreldra þess. Því er mikilvægt að tryggja þeim móttöku og stuðning við hæfi. Leitast er við að einn og sami starfsmaður sjái um aðlögun. Hver aðlögun miðast við barnið sem á í hlut. Sjónrænt dagskipulag er sett upp með myndum um hvað er verið að gera í daglegu starfi og er stundum sett upp sérstaklega fyrir barnið. Einnig er orðaforðalisti notaður frá Menntamálastofnun. Leitast er við að gefa barninu eins mikinn tíma og rými til að aðlagast nýju umhverfi vel. Notast er bæði við myndir og TMT til að hjálpa barninu að skilja íslensku. Foreldrum með annað móðurmál er boðið upp á foreldraviðtöl með túlki sé þess óskað. Túlkþjónusta fæst í gegnum Akraneskaupstað.

FORELDRASAMVINNA

Góð samvinna foreldra og leikskóla leggur grunn að árangursríkri dvöl og góðri líðan barnsins í leikskólanum. Samvinna foreldra og leikskóla byggist á gagnkvæmri virðingu og opnum samskiptum. Daglegar upplýsingar um barnið heima og í leikskólanum eru nauðsynlegar því oft geta lítil atvik í lífi barnsins valdið breytingum á hegðun þess. Foreldrar eru velkomnir í leikskólann til þess að taka þátt í því starfi sem þar fer fram, í samráði við starfsfólk. Foreldrum er velkomið að hringja í leikskólann til að spyrja um líðan barnsins og eins mun starfsfólk hringja ef þörf krefur.

UMHVERFIÐ OKKAR

Vinsamlegast akið varlega í næsta nágrenni leikskólans og skiljið bílinn ekki eftir í gangi fyrir framan leikskólann. Skiljið hlið leikskólans aldrei eftir opið og látið starfsfólk alltaf vita þegar komið er með barnið í leikskólann og þegar það er sótt.

TRÚNAÐUR

Það skiptir miklu máli að foreldrar sýni starfsemi, starfsfólki og öðrum börnum trúnað. Varast ber að taka myndir í leikskólanum af börnum annarra og birta á samskiptamiðlum. Einnig ef þið verðið vitni að einhverjum samskiptum og uppákomum í leikskólunum biðjum við ykkur að sýna nærgætni og trúnað. Símar eru ekki leyfðir í aðlögun. Virða skal trúnað. Munið að starfsfólk er bundið þagnarskyldu og við viljum biðja foreldra/forráðamenn einnig um að sýna trúnað og

Þagmælsku gagnvart því sem þið verðið áskynja og varðar persónuleg málefni barna, foreldra og starfsmanna í leikskólanum.

AÐ KOMA OG FARA

Við komu og brottför er lögð áhersla á að öllum börnum sé heilsað og þau kvödd með nafni. Mikilvægt er fyrir líðan barnana að þau finni að þau séu velkomin í leikskólann. Hlýlegar móttökur veita öryggi og gleði. Lögð er áhersla á að börnin fari í góðu jafnvægi heim.

HELSTU SÍMANÚMER:

- **LEIKSKÓLASTJÓRI:** 433-1232
- **AÐSTOÐARLEIKSKÓLASTJÓRI:** 433-1231
- **SÉKENNSLUSTJÓRI:** 433-1221
- **JADAR:**433-1225
- **SKARÐ:**433-1226
- **VELLIR:**433-1227
- **LUNDUR:** 433-1228
- **HNÚKUR:** 433-1229
- **STEEKUR:** 433-1230

STARFSFÓLK

Gæði leikskólastarfs byggjast á því að margir starfsmenn vinna saman að því að stuðla að þroska og vellíðan barna í gegnum starfið á leikskólanum. Það eru því mikil tímamót í starfi allra starfsmanna þegar börn útskrifast úr leikskóla og hefja grunnskólagöngu. Nokkuð hefur borið á því að einstökum starfsmönnum elstu deilda séu færðar gjafir í þakklætisskyni við útskrift barna af leikskólanum. Langi foreldrum til þess að gefa kveðjugjöf þá er vel til fundið að láta allan starfsmannahópinn njóta þess eða leikskólann í heild sinni.

AÐ LOKUM

Við vonum innilega að ykkur eigi eftir að líða vel í Vallarseli og þið eruð ávallt velkominn í leikskólann. Við minnum á að **“Orð eru til alls fyrst”** um hvaðeina það sem ykkur liggur á hjarta varðandi barnið.

Vilborg Valgeirsdóttir leikskólastjóri